



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á nýsveinahátíð
Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík
9. febrúar 2019**

Ágætu nýsveinar og heiðursiðnaðarmenn,
ráðherrar,
formaður borgarráðs,
forystufólk Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,
aðrir góðir gestir

Ég fagna því að vera með ykkur á þessari hátíðarstundu. Hér er vel vandað til verka, hér ríkir metnaður. Og hér hafa nýsveinar verið heiðraðir, þeirra bíður það tækifæri að sýna hvað í þeim býr, á því sviði sem þeir hafa helgað sér. Hér hefur heiðursiðnaðarmönnum líka verið sýndur verðugur sómi. Þeir geta litið stoltir um öxl. Þeir hafa lagt sitt af mörkum í þágu sinnar iðnar, í þágu lands og þjóðar.

Góðir áheyrendur: Um það er samhljómur í okkar samfélagi að efla iðnnám, vekja fólk til vitundar um kosti þess og mikilvægi. Mér sýnist við vera á rétttri leið. Fyrir um þremur árum var gantast með það að fleiri væru í forsetaframboði en námi í pípulögnum; síðastliðið haust var hins vegar sagt frá því í fréttum að færri kæmst að en vildu í Tækniskólann, meðal annars til að læra pípulagnir og rafvirkjun. Betur má þó ef duga skal. Að mati Samiðnar og Samtaka iðnaðarins vantar alls kyns iðnaðarmenn í alls kyns störf, og sama heyrir maður sjálfur á skotspónum.

Hugum einnig að öðru: Í fyrra var frá því greint að um þriðjungur háskólanema glímdi við þunglyndi og kvíða. Nú ber að varast alhæfingar og ályktanir án ígrundunar, en getur verið að hluta vandans megi rekja til þess að fólk er ekki í námi sem það nýtur? Getur verið að of margir hafi rambað á ranga

hillu, talið sig verða að sækja í einhvers konar bóknám svokallað þótt hugurinn leitaði í raun annað?

Góðir gestir! Við getum að minnsta kosti gert ráð fyrir því að þeir nýsveinar, sem við heiðrum hér í dag, kunni sitt fag, hafi liðið vel í námi og muni leitast við að nýta það í atvinnulífinu, sjálfum sér og öðrum til hagsbóta. Og munum að sönn menntun snýst ekki um námsgráður, hún snýst ekki um heiti námsins og innihald. Sönn menntun snýst um metnað, að gera hlutina vel, leggja sig fram. „Ég skal verða skáld“, sagði Einar Benediktsson ungur, og tókst það. Um leið vissi hann og sá að bókvitið yrði ekki í askana látið, eins og gjarnan var sagt, vildi efla iðnað og tækni í landinu.

Ekki var nú ævi Einars Ben. öll einn dans á rósum en það er metnaðurinn sem hafa má til eftirbreytni, og sá vilji að vanda sig – vanda sig í sköpun, vinnu og list. Þetta á við um iðngreinar og þetta á við um bókmenntir, lífið allt. Írski rithöfundurinn James Joyce skrifaði skáldsöguna Ódysseif, eitt mesta stórvirki síðustu aldar. Hann kastaði ekki höndunum til verksins, stundum tók það hann heilan sólarhring að semja eina setningu.

Kæru vinir. Menntun og metnaður kallast á, og menning er líka nærri. Í einu sinna nýársávarpa komst Vigdís Finnbogadóttir svo að orði: „Menning er dregið af orðinu maður og táknar framlag mannsins til allra þátta samfélagsins, þróunar þess og uppbyggingar.“ – Tökum eftir því: „allra þátta samfélagsins“. Að lokum bendi ég því á það hversu fjölbreytt iðnnám er, og hvernig við kæmumst ekki af án þeirra sem leggja það fyrir sig. Ímyndið ykkur samfélag þar sem enginn lærði eða stundaði þessar iðnir í dagsins önn:

Almenn ljósmyndun, bakaraiðn og bifreiðasmíði; bifvélavirkjun, bílamálun og blikksmíði; bókband og feldskurður, flugvélavirkjun og framreiðsluïðn; glerslípun og speglagerð, gull- og silfursmíði; hattasaumur, hársnyrtiïðn og hljóðfærasmíði; húsasmíði og húsgagnabólstrun; húsgagnasmíði, kjólasaumur og kjötiðn; klæðskurður karla, klæðskurður kvenna; kökugerð og leturgröftur; matreiðsla og málaraïðn, málmsteypa, málm-suða, mjólkuriðn og mótasmíði; múraraïðn og myndskurður; netagerð og persónuljósmyndun, pípulagnir, prentsmíð og prentun; rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun; rennismíði og símsmíði; skipa- og bátasmíði; skósmíði og skóviðgerð; skruðgarðyrkja og snyrtifræði; stálskipasmíði og stálvirkjasmíði, steinsmíði og söðlasmíði; tannsmíði, úrsmíði, veggfóðrun og vélvirkjun.

Og ekki eru þá allir iðnir nefndar, ágætu áheyrendur! Samfélag án þeirra sem lært hafa þessar iðngreinar og aðrar væri fátækt samfélag, án menntunar, menningar og metnaðar. Ég óska nýsveinum og meisturum þeirra til hamingju með daginn, heiðursiðnaðarmönnum sömuleiðis og forystusveit Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur fyrir að standa eins vel að þessum viðburði og raun ber vitni. Gangi ykkur öllum vel á lífsins leið.